



## Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Borgartún 26

105 Reykjavík

Reykjavík, 27. september, 2024

## Umsögn um tillögu að flokkun fimm virkjunarkosta (mál nr. S-139/2024)

Ungir umhverfissinnar vilja vekja athygli á að eins og staðan er í dag, framleiðir Ísland næstum tvöfalt meiri raforku á höfðatölu en nokkurt annað land í heiminum<sup>1</sup>. Staðreyndin er vissulega sú að raforkuöryggi er minna á Vestfjörðum en á mörgum öðrum landsvæðum en viljum við benda á að allir aðrir kostir til að tryggja raforku verða að vera ígrundaðir áður en ráðist verður í aðgerðir sem hafa skaðleg áhrif á náttúru- og menningarminjar viðkvæmra svæða. Aðrir kostir eru til dæmis að styrkja flutningskerfi til Vestfjarða sem flestir sérfræðingar telja nauðsynlegt að gera sem fyrst. Að auki viljum við að skoðað verði vel í hvað orkunni er ætlað að fara og hvort þá hægt sé að forgangsraða orku til almennings fremur en að fórna náttúru fyrir stóriðju.

Ungir umhverfissinnar fagna því að Hamarsvirkjun sé loks sett í verndarflokk og lítt snortnu landi þannig hlíft við óafturkræfum skaða. Einnig vilja UU benda á að uppbygging samgönguinnviða tengd byggingu Hamarsvirkjunar myndu auka mjög á aðgengi að hálendi svæðisins af hálfu ferðamanna. Gildir það sama hér og á mörgum öðrum stöðum að bætt aðgengi að hálendi landsins sé mörgum vandkvæðum háð og gæti aukinn ágangur ferðamanna valdið miklum skaða á lítt snortnum svæðum líkt og þeim sem um ræðir.

UU draga í efa þá ákvörðun að ekki sé tekið tillit til sýnileika virkjunar við vinnslu umhverfismats. Þó það þyki "einkum skipta máli þegar um vindorkuver er að ræða" geta vatnsaflsvirkjanir einnig haft mikil áhrif á ásýnd landslags og nærumhverfis, án þess að þá sé minnst á aðra innviði sem bygging jarðvarma- eða vatnsaflsvirkjunar kallar á.

---

<sup>1</sup> <https://ourworldindata.org/grapher/per-capita-electricity-generation>



Ungir umhverfissinnar taka undir þann málaflutning sem er settur fram í umsögn Landverndar um þetta mál, dagsett 19. ágúst 2024, og taka sérstaklega undir áhyggjur af skertri varúðarnálgun við vinnslu tillögu verkefnastjórnar.

Vilja UU benda sérstaklega á í því samhengi þá heilmiklu óvissu sem finna má í einkunnagjöf faghóps 1. Fyrir alla virkjanakosti er óvissa í mati á áhrifum á landslag, vistkerfi, jarðveg og lífverur metin sem nokkur til mikil og í hverju tilfalli er óvissa á áhrifum á fuglalíf mikil. Að setja fjóra af fimm virkjunarkostum í nýtingarflokk þegar umhverfismat til grundvallar þeirrar ákvörðunar byggir á svo mikilli óvissu getur engan vegin talist samsvarast varúðarreglunni.

Fyrir hönd Ungra umhverfissinna,

Snorri Hallgrímsson

---

Snorri Hallgrímsson, Varaforseti UU

Laura Scheefer

---

Laura Sólveig Lefort Scheefer, hringrásarfulltrúi UU